



Til: skipulag@hvalfjardarsveit.is
Efni: Re: Fw: Beiðni um umsögn - Hótel Hafnarfjall, Hvalfjarðarsveit
Upplýsingar: Sent: 02/12/2016 09:59:08 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016100003, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2016100003

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts. Beiðist er afsökunar á því að gleymst hefur að svara þessu erindi en vonandi er það ekki of seint.

Eins og kemur fram gögnum erindisins er Hafnarskógur á náttúruminjaskrá en jafnframt gildir um svæðið að skoða þarf það í ljósi 61. gr. náttúruverndarlaga um vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl. sem eiga njóta verndar en í b lið greinarinnar kemur fram að undir hana falla sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré. Þó svo að þetta tiltekna svæði hafi ekki verið skoðað sérstaklega m.t.t. 61. greinar þá telur Náttúrufræðistofnun að ástæða sé til að fara eins varlega og hægt er. Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að reynt verður að setja hús niður þar sem ekki er skógur og er það mjög gott. Engu að síður virðist, af loftmyndum að dæma, meiga gera betur og hægt að finna stökum húsum alveg auð svæði en viðbygging virðist falla vel að umhverfinu. Í geinargerð er tekið fram að svæðið falli vel að rækt birkis af sama stofni og er þar nú en ekkert er fjallað um framandi tegundir. Náttúrufræðistofnun telur að það eigi að koma fram í deiliskipulaginu að ekki sé gert ráð fyrir að planta framandi tegundum á svæðinu og vísar þar til markmiða skv. 2. gr. laga um náttúruvernd sem m.a. er lögð til grundvallar sérstakri vernd samkvæmt 61. gr. laganna.

Virðingarfyllst.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 03.10.2016 14:57:41
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Beiðni um umsögn - Hótel Hafnarfjall, Hvalfjarðarsveit

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 03.10.2016 14:57 -----

From: Skipulag <skipulag@hvalfjardarsveit.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Date: 03.10.2016 14:29
Subject: Beiðni um umsögn - Hótel Hafnarfjall, Hvalfjarðarsveit

Góðan dag...

Hótel Hafnarfjall – nýtt deiliskipulag

Hér með er óskað eftir umsögn fyrir 1. Nóvember 2016.

Umsagnarbeiðnin er einungis send í tölvupóst til að vernda umhverfið.

Með bestu kveðju,





Lulu Munk Andersen ,
Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar,
Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit.

301 Akranes,

sími 433 8500, beinn sími 433 8514

skipulag@hvalfjardarsveit.is

 - 4961_001.pdf  - hótel hafnarfjall 26 ágúst.pdf  - Hótel Hafnarfjall skýringaruppd. 26 ágúst.pdf